


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is

Pórunn Ágústa Þórsdóttir
verkfræðingur í Noregi

– sjá bls. 6 – 8.

Ég er mikil fjölskyldumanneskja og það hefur verið erfitt að vera svona lengi fjarri henni. En á sama tíma þá er það einhvern veginn þannig að því lengur sem maður er í burtu því rótgrónari er maður á þeim stað sem maður býr.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 1. október 2015 · 39. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Í KJÖLFAR **BRÍETAR**

RÁÐSTEFNA Á ÍSAFIRÐI 23. -24. OKTÓBER 2015

Bríet  Súðavíkurbreppur
sönn ást

Landsfundur Sjálfsbjargar í Bolungarvík

Á liðinni helgi hélt Sjálfsbjörg landsfund sinn í Félagsheimilinu í Bolungarvík. Aðstaðan í húsinu er þar góð og sennilega eini staðurinn sem getur tekið við svona samkomu. Landsfundargestir voru ánægðir með bæði aðstöðu og þátttöku og tóku í sameiningu á stórum málum er varða lífkjör þeirra og réttindi. Svanur Ingvarsson trésmiður frá Selfossi var

mættur vestur og tók virkan þátt í fundarstörfum. „Ég er búin að kenna í yfir 20 ár í Fjölbrautarskóla Suðurlands og líkar það mjög vel“ segir Þróstur en hann slasaðist sem ungur maður við húsbyggingu á Selfossi og ferðast um á hjólastól eftir það. Þetta snýst auðvitað allt um að finna það sem maður getur, ekki einblína á það sem maður getur ekki.



Í KJÖLFAR BRÍETAR

JAFNRÉTTISRÁÐSTEFNA Á ÍSAFIRÐI 23. - 24. OKTÓBER



Margrét Lilja Vilmundardóttir

Nafn

Ég heiti Margrét Lilja Vilmundardóttir. Einhversstaðar í millitíðinni festist gælunafnið Milla við mig og ætli margir kannist ekki við mig undir því nafni. Samt ekki Mylla, með ypsilóni eins og stóð í fyrsta sms-inu til mín frá Péttri, heldur Milla. Það er mikilvægt. Ég hef svolítið verið kölluð Kamilla og

Emilía á lífsleiðinni en hef hingað til ekki svarað þeim nöfnum. Ég tek samt flestum tilraunum til að nálgast mig nokkuð vel.

Staða

Ég tel mig bara nokkuð fjölhæfa, svo ég sé nú hógvær, og gegni ýmsum stöðum í lífinu. Ég er móðir, kærasta, dóttir, systir, vinkona, íslenskufraeðingur, guðfræðingur og dansari

með ótrúlega mikinn áhuga á fólki, bókmenntum, söngleikjum og jákvæðni. Ég starfa sem forstöðukona í búsetuþjónustu fatlaðra og skammtímavistun og næ þar vonandi að sameina marga af kostum mínum. Svo er ég áberandi freknótt sem er ákveðin staða í lífinu.

Hvati

Áður en ég varð mamma hefði ég svarað spurningunni að allt sem ég gerði væru litlir sigrar á vegferð minni til að verða Dollý Parton lífs míns. Var ég búin að segja að ég elska Dollý? Eftir að ég varð mamma eru það börnin mín og fjölskylda. Var ég búin að segja

hvað ég elska þau mikið? Í dag er helsti hvatinn að vera Dollý Parton barnanna minna.

Fyrirmynd

Mamma er fyrirmynd alls þess góða og hlýja í lífinu, stóra systir mín alls þess sterka og staðfasta, dóttir mín allrar gleði og alls hugrekkis og tengdamamma alls dugnaðar og orku. Ég er svo heppin með konurnar í mínu lífi.

Æskudraumur

Þegar ég var fjögurra ára horfði ég á þýska sjónvarpsþáttaröð á Rúv, sem hét Anna ballerína, og sagði frá lífi og starfi samnefndrar guðdómlegrar þrimaballerínu (það virðist samt enginn muna eftir þessum þáttum nema ég og auglýsi

ég hér með eftir fólki sem man eftir þessari dásamlegu þáttaröð). Eftir þetta áhorf varð ekki aftur snúið. Daginn eftir sagði ég við foreldra mína að tækifærin væru ekki á Vopnafirði, því þar var ekki hægt að æfa ballett. Við tók nokkurra ára bóklegt sjálfsnám í ballett (með dassi af eróbíkk með eldri kvenpeningi þorpsins) þar til við fluttum suður og ég hóf nám við Listdanskóla Íslands 13 ára gömul, þaðan sem ég kláraði framhaldsnám árið 2005. Þá hætti ég og ákvað að verða prestur, söngleikjastjarna, bókaútgefandi og rithöfundur, sem er alveg í takt við æskudrauminn. Ég er enn að vinna í þessu. *milla*



Hafdís Gunnarsdóttir

— Sjónarmið —

Mér finnst æðislegt að búa hér fyrir vestan. Mér finnst þessi staður bjóða upp á ákveðin lífsgæði sem væru af skorum skammti ef ég byggi til dæmis á höfuðborgarsvæðinu. Auðvitað eru margir kostir við að búa fyrir sunnan, en hér höfum við ákveðna hluti sem allt of oft eru vanmetnir. Hér er frekar stutt í alla þjónustu samanborið við vegalengdir sem fólk þarf að fara á höfuðborgarsvæðinu til að sækja sína þjónustu. Hér eru frábærar hátíðir í öllum þorpum, nóg framboð af íþrótta- og útivistarmöguleikum og blómlegt menningarlíf. Hér getur fjölskyldufólk sinnt erindum sem varða tómstundir barna sinna á nokkuð þægilegan hátt. Ef ég tek mína fjölskyldu sem dæmi að þá erum við öll komin í okkar vinnu eða skóla á innan við fimm mínútum frá

því við fórum út úr húsi. Maðurinn minn getur alltaf skotist heim til að setja í þvottavél og ég og sonur minn erum komin upp í fjall á skíði tíu mínútum eftir að við komum heim. Við verjum litlum tíma í að komast í vinnu og höfum meiri tíma til að sinna fjölskyldunni. Það er ekkert dýrmætara en það. Við megum ekki vanmeta þessa hluti. Í mínum huga er þetta að mörgu leyti draumastaður fyrir fjölskyldufólk.

Þó eru ýmsir þættir sem þarfnast úrbóta. Ein stærsta ógnin á okkar svæði er skorturinn á fjölbreyttum atvinnumöguleikum fyrir háskólamenntað fólk. Þetta gerir það að verkum að fólk sem vill búa á þessu svæði, eins og unga fólk okkar sem fer héðan til að sækja sér háskólamenntun í Reykjavík eða kannski erlendis, það snýr

ekkert svo auðveldlega aftur heim. Aðrir fara héðan því þeir fá ekki atvinnutækifæri. Við þurfum fjölbreyttara atvinnulíf því annars sjáum við ekki fyrir endann á þessari fólksfækkun. Annað atriði sem nauðsynlegt er að nefna eru blessuðu samgöngumálin. Þrátt fyrir að þetta svæði sé draumastaður í mínum huga get ég varla hugsað mér neitt verra en að vera föst hérna, yfir hávetur, því Súðavíkurhlíðin er enn og aftur lokað vegna snjóflóðahættu. Þetta er stórt öryggisatriði fyrir okkur sem hér búum og ég velti því oft fyrir mér hversu langur tími mun eiginlega líða þangað til þessi mál komast í viðunandi horf. Þrátt fyrir þau lífsgæði sem við höfum hér þá þurfum við annað slagid að skjótaski í höfuðborgina. Þangað sækir fólk m.a. þá heilbrigðisþjónustu sem ekki er í boði hér. Gott og vel. Við getum ekki boðið upp á allt. En það kostar heilan helling að komast þangað. Er ég

kannski sú eina sem hef íhugað að selja úr mér nýra til að eiga fyrir flugfargjaldi svo ég komist í Reykjavíkumaraþonið? Þegar byggja á upp svona varnarsvæði eins og Vestfirðir eru þurfa stjórnvöld að hafa þetta hugfast. Það er ógeðslega dýrt fyrir okkur að komast suður og mér finnst það verulega ósanngjarnt.

Hvað er hægt að gera? Jú, skammtímalausnin er sú að flytja hingað opinber störf. Skagafjörður getur ekki endalaust tekið við opinberum störfum og höfuðborgarsvæðið er með allt of hátt hlutfall þessara starfa miðað við íbúafjölda. Ef það er vilji stjórnvalda að halda í byggðirnar okkar skora ég á þau að láta okkur fá opinber störf. Ekki með því að taka þau frá Patró eða Tálknafirði, það veikir okkur bara ennþá meira. Takið þau heldur frá Reykjavík. Langtímalausnin er að allir komi saman og finni lausnir sem snúa að fólksflóttanum og skorti á framboði af

störfum fyrir háskólamenntað fólk. Atvinnulífið og stjórnvöld þurfa að vinna að þessu krefjandi verkefni saman því eins og Mugison segir „þú gerir ekki rassgat einn“. Þetta er auðvitað flókið mál en svo sannarlega nauðsynlegt. Það þarf að finna leiðir til að hvetja fyrirtæki til að vera staðsett á Vestfjörðum og að þau fyrirtæki sem eru hér sjái hag sinn í að stækka og auka við starfsmönnum.

En hversu mikið þurfum við sem 5000 manna samfélag? Er þetta óþarfa heimtufrekja í okkur að vilja göng yfir í Súðavík eða að komast í höfuðborgina fyrir sanngjarna upphæð? Vilja fleiri opinber störf hingað eða átak í atvinnumálum? Ég get kannski ekki svarað þessu en eitt er þó ljóst: Miðað við þau verðmæti sem sköpuð eru á Vestfjörðum þá eigum við mikið inni.

HG



Réttir í Önundarfirði



Mannréttindabjóðin

Fuglinn í fjörunni veltir fyrir sér hversu djúpt mannréttindi snerta okkur Íslendinga?

Á tyllidögum lítum við á okkur sem mannréttindabjóð sem stendur vörð um lýðræði og jafnan rétt fólks til hinna ýmsu mála.

Nýlega hafa komið upp tvö mál þar sem að mannréttindi hafa staðið andspænis viðskiptahagsmunum. Annarsvegar í maktirleilu við Rússa og hinsvegar með samþykkt borgarstjórnar um sniðgöngu á vörum með uppruna í Ísrael. Í báðum þessum málum hefur umræðan komið upp um hégóma okkar og opinberað hversu veik stjórn-sýsla okkar er.

Þegar að Ísland tók þátt í að

setja viðskiptabþvinganir á Rússa vegna stríðsrekstrar í Úkraínu heyrðist í fáum. Flestum fannst það eðlilegt, sérstaklega þegar að fréttamyndir af fullri farþegaflug-vél sem „rússneskir“ skæruliðar höfðu skotið niður í Úkraínu, birtust á sjónvarpsskjáum okkar.

Þegar að Rússar, eins og vænta mátti, svöruðu í sömu mynt, gleymdust ástæður þvinganna fljótt margir og töldu að við hefðum aldrei átt að vera aðilar að þeim.

Þrátt fyrir nýlega reynslu okkar af móthþvingunum Rússa á hendur okkar, náði tillaga sem hafði verið í undirbúningi í um eitt ár, um sniðgöngu á vörum frá Ísrael fram að ganga. Tillagan mætti mikilli andstöðu meðal gyðinga, eðlilega

og fyrirsjáanlega. Afbókanir ferða til landsins tóku að berast og jafnvel var ýjað að því að fjárfestingar hérlandis væru í hættu.

Þegar viðbrögðin voru ljós breyttist umræðan hratt. Eigendur tillögunar stóðu ekki við hana lengur, sögðu hana ekki nógu skýra ekki nægjanlega vel unna og að miskilnings gætti um hana og hún var dregin til baka.

Í báðum þessum málum er tvennt sem vekur athygli. Annarsvegar hversu grunnt mannréttindi snerta okkur og hinsvegar hversu veik stjórn-sýsla okkar Íslendinga er. Það að horfa upp á borgarstjóra eða þingmenn sem nýverið hafa tekið þátt í að taka jafn afdrifaríka ákvörðun eins og þá að beita aðra

þjóð viðskiptabþvingunum og vera svo tilbúnir til að falla frá þeirri ákvörðun daginn eftir, þegar í ljós kemur hið fyrirsjáanlega, þ.e. að mótaðilinn sé ósáttur. Það getur aðeins borið vott um annað tveggja. Annað hvort er áhuginn á mannréttindarmálum bara á yfirborðinu eða að viðkomandi og jafnvel stjórnkerfið í heild sinni, sé óhæft til að taka stórar ákvarðanir. Undirbúningur og aðdragandi hafa ekki verið í samhengi við mikilvægi ákvörðunnar.

Það að taka ákvarðanir um viðskiptabþvinganir á hendur annarri þjóð er risastór ákvörðun. Slíka ákvörðun verður að taka af yfirvegun og eftir ítarlegar umræður og hún þarf að vera í

samhengi við aðrar ákvarðanir. Við þurfum að koma eins fram við alla og í stefnunni þarf að vera samhengi. Við getum ekki tekið ákveðnar þjóðir eða þjóðfélagshópa út og beitt þá þvingunum af því að þeir eru í fréttum þann daginn.

Svo þurfum við að vera tilbúnir til að standa við þá ákvörðun sem við tökum. Það er ekkert ömurlegra en að þurfa að láta opinbera þá staðreynd að það er ekkert innihald í mannréttinda-stefnunni, staðfestan nær ekki lengra en að buddunni. Ef við erum virkilega á móti aðgerðum Rússa í Úkraínu eða framkomu Ísraela á hernumdu svæðunum þá látum við ekki viðskiptahags-muni breyta sannfæringu okkar.



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Bláðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
 Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Innihald í umræðuna

Ísafirðingar hrakku í kút í vikunni þegar vægðarlaus umræða hentist í gang á veraldarvefnum, DV leiddi með sláandi frétt um illa framkomu við ungling á Ísafirði. Sem betur fer reyndist fréttin ekki á rökum reist og bekkjarfélagar drengsins voru sýknaðir, þeir höfðu ekki niðst á vini sínum og bekkjarfélaga og ekki lagt hann í einelti. Okkur er létt því við vitum flest að einelti getur verið dauðans alvara og þrátt fyrir að í þessu tilviki hafi verið einhver misskilningur þá þrífst einelti alltof víða, bæði í skólum og á vinnustöðum. Það eru alltof margir sem á fullorðinsárum bera þess merki að hafa orðið undir í hörðum heimi grunnskólaáranna, illa uppðregin börn geta verið svo andstyggileg og vond. Foreldrar bera fyrst og síðast ábyrgð á uppeldi barna sinna, þeir eiga að kenna börnum sínum meðlíðan og samkennd og þeir verða að vera góð fyrirmynd, dómharka og leyfi til að traðka á minnimáttar eru skilaboð að heiman. Það er þungur kross að bera á fullorðinsárum að hafa tekið þátt í að brjóta niður saklaust barn. Það er hins vegar á ábyrgð skólans að fylgjast með og grípa til ráðstafana þegar einelti er í uppsiglingu og það er ekki í boði að gera ekkert. Þetta er ekki flókið, verum góð.

Í borg óttans óttast skólastjórnendur „dræsulega“ klæddar ungar stúlkur og telja naflasýningu einungis til þess fallna að trufla aðra nemendur! Hugsanlega þurfa þeir sem þarna stjórna að hrökkva aðeins fram í nútímann og hlusta á unga fólkið. Klæðnaður er smekkur hvers og eins og sá sem „truflast“ af klæðnaði annars verður að bera ábyrgð á því sjálfur. Druslugangan og Frelsum geirvörtuna eru skýr skilaboð frá unga fólkinu til okkar allra og það þarf að hlusta.

Í þessu blaði eru ýmsar nýjungar. Nýr dálkur sem kemur í staðinn fyrir Stakk er mættur og nú heitir hann „Fuglinn í fjörunni“ Bláðið hefur fengið til liðs við sig fjóra ritfæra einstaklinga sem ætla að tjá sig í þessum dálki. Þetta verður væntanlega bitastæður og áhugaverður texti.

Í október er Bæjarins besta tileinkað konum í tilefni hundrað ára kosningaréttarafmælis kvenna, blaðið styður réttindabaráttu allra kvenna hvort sem um er að ræða réttinn til að bera nafla og geirvörtur eða réttinn til jafnra launa. Hópur kvenna undirbýr nú ráðstefnu sem halda á 24. október, hún verður haldinn í Grunnskólanum á Ísafirði og allir eru velkomnir.

BS

Spurning vikunnar

Notar þú endurskinsmerki?

Alls svöruðu 244.

Alltaf, sögðu 54 eða 22%

Stundum, sögðu 103 eða 42%

Aldrei, sögðu 87 eða 36%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

www.n1.is


facebook.com/enneinn

Einn virkan aðra hverja helgi

Við leitum að hressum og sprækum liðsmanni í hlutastarf á þjónustustöð N1 Ísafirði.

Vinnan felur í sér almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavinum okkar ásamt öðrum tilfallandi verkefnum á stöðinni aðra hverja helgi og einn virkan dag í viku.

Ef þetta er starfið fyrir þig, hafðu þá samband við Gunnar Sigurðsson stöðvarstjóra: gunnarsig@n1.is



Hluti af atvinnulífinu

N1

Til sölu

er verslunin Konur & Menn í verslunarmiðstöðinni Neista, Hafnarstræti 9-13 Ísafirði. Verslunin selst ásamt húsnæði sem er 68 ferm.

Selst saman eða í sitt hvöru lagi. Áskiljum okkur rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða að hafna þeim öllum.

KONUR



MENN

Allar nánari upplýsingar í síma 6616234 / 8954116

Verslunarmiðstöðin Neisti • Sími: 456-0201

BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA

FLUGFELAG.IS



KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT

fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.350 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

FERÐATÍMABILIÐ ER FRÁ 1.–31. OKTÓBER BÓKANLEGT FRÁ 24. SEPTEMBER

Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD

- gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Egilsstaða
- gildir ekki í tengiflug
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Þórunn Ágústa Þórsdóttir
verkfærðingur í Noregi

taka það aftur upp að ári. Þá virtist enga vinnu vera að fá á Álaborgarsvæðinu og þar í kring og heldur ekki heima á Íslandi.“

Eftirspurn eftir kvenkyns verkfræðingum

„En við fluttum sem sagt til Noregs og ég var komin með vinnu áður en fæðingarorlofinu lauk. Ég hafði prófað að setja helstu upplýsingar um mig og mína menntun á netsíðuna *finn.no* en þar getur maður óskað eftir vinnu. Ég ætlaði að byrja á því þar sem maður var vitanlega farinn að hugsa hvað myndi taka við eftir að fæðingarorlofinu lyki. En fjórir svokallaðir „Head hunters“, sem vinna við að finna hæfasta fólkið í ýmis störf, höfðu samband og vildu endilega finna starf við hæfi fyrir mig. Ég fór í tvö starfsviðtöl á þeirra vegum en þeir spurðu hvernig starf ég vildi, hjá hvers konar fyrirtæki, af hvaða stærð og þannig fram eftir götunum. Á þessum tíma hafði maður mjög mikið val þar sem nóg var um laus störf. Fyrirtækið sem ég endaði hjá flýtti sér mikið að festa mig hjá sér af því forsvarsmenn þess vissu að mér hafði verið boðið að fara í annað starfsviðtal. Ég hefði því í raun getað byrjað fyrr þar en ég vildi klára fæðingarorlofið mitt. Manni fannst svolítið skrítið hvernig keppst var um mann enda

uð að taka nokkur fög í skólanum haustið eftir.

„Það var nú bara í einhverri mýflugumynd, þetta voru allt fög þar sem ég þurfti bara að mæta í verklegu tímana. Markmiðið var bara að reyna að ná sem mestum einingafjölda og stytta námið eitthvað eilítið. Haustið 2002 hóf ég svo nám í Tækniháskólanum eins og hann hét þá. Þar tók við þriggja ára nám við véla- og orkutæknifræði. Þaðan fór ég svo til Danmerkur í frekara nám um sumarið 2005.“

Börnir eru nú orðin þrjú. Elsta dóttirin heitir Björg Jónína Björnsdóttir, fædd árið 2000. Sonurinn Sveinbjörn Hugi Gunnarsson er fæddur 2006 og Þórunn hafði tekið eina önn í skólanum í Danmörku er hún fór í fæðingarorlof. Yngsta dóttirin sem fædd er 2010 ber nafnið Guðný Magna Gunnarsdóttir. Barneignir hægðu því ekki mikið á námsferli Þórunnar eins og sjá má.

Norsku olúfyrirtækin að draga saman segl sín

Þórunn starfar í frekar fá-mennu fyrirtæki með um 80-100 starfsmönnum. Hún segist kunna best við sig í nánu samfélagi og rekur það til uppruna síns.

„Frá eins árs til tíu ára ólst ég upp í Bolungarvík en flutti svo til Ísafjarðar þar sem ég bjó

Hvetur krakka til að fara eigin leiðir

Þórunn Ágústa Þórsdóttir býr í Sandnesi í Noregi og starfar þar sem verkfræðingur. Hún hefur búið í áratug á erlendri grundu, en hún fór til Danmerkur í verkfræðinám og fluttist svo þaðan til Noregs. Hún hefur alla tíð fetað eigin leiðir og fannst ekkert tiltökumál að sækja nám sem í margra hugum er strákanám. Hún var til að mynda þriðji kvenmaðurinn til þess að útskrifast úr Vélskólanum á sínum tíma.

Blaðamaður Bæjarins besta spjallaði við Þórunni í stuttri heimsókn hennar til Ísafjarðar á dögnum og forvitnaðist um það hvernig það sé að stunda nám og vinna starf þar sem karlmenn eru vanalega í miklum meirihluta. Í viðtalinu segist hún aldrei hafa litið á þetta sem kynjaskiptan starfsvettvang enda eigi maður ekki að hlusta á aðra heldur fara frekar sínar eigin leiðir.

„Við hjuggum sex ár í Danmörku og árin eru orðin fjögur í Noregi. Við fluttum til Danmerkur árið 2005 til að sækja þar nám í verkfræði. Planið var að snúa aftur til Íslands eftir að þessu fimm ára námi okkar væri lokið en það fór nú ekki alveg svo. Aðstæðurnar breyttust árið 2008 þegar hrúnið varð heima á Íslandi og við þurftum að taka ákvörðun. Ætluðum við að taka slaginn og klára námið eða ætluðum við að fara aftur heim? Forsendurnar fyrir því að flytja heim meðan ástandið var svona voru nú ekki alveg ákjósanlegar. Við ákváðum því að best væri að reyna að þrúka í náminu á stökkbreyttum námslánunum. Það hafðist nú allt saman og við sjáum ekki eftir því í dag að hafa tekið þá ákvörðun að þrúka í náminu.“

Eftir að námi lauk hófst leit að vinnu, í Álaborg, sem gekk

heldur brösuglega.

„Maðurinn minn, Gunnar Runólfsson, sendi um það bil 80 umsóknir til ýmissa fyrirtækja í Danmörku án þess að fá neitt starfstilboð. Vinur okkar ráðlagði honum þá að sækja um vinnu í fyrirtækinu sem hann vann hjá í Bergen. Þá sagði frændi hans honum að sækja líka um í hans fyrirtæki á Stavangersvæðinu. Gunnar sótti um á báðum stöðum og var boðið bæði störf. Við gátum því vegið og metið hvort við vildum flytja til Bergen eða Stavanger og síðarnefndi staðurinn varð fyrir valinu. Þegar við fluttum var ég í fæðingarorlofi en við klárðuðum námið í júní 2010 og ég átti yngsta barnið okkar í lok desember sama ár. Ég man einmitt að við ræddum það á meðan við þökkudum niður jólasbrautinu jólin 2010 að alger óvissa var hvar við myndum

vanur því að dönsku fyrirtækin gátu valið úr umsækjendum en því var einmitt öfugt farið í Noregi þar sem umsækjendur gátu valið úr fyrirtækjum.

Sérstaklega var mikil eftirspurn eftir konum með verkfræðimenntun og eins hafði ég það með mér að ég er með vélstjórnarbakgrunn. Ég fór sem sagt ekki þessa hefðbundnu menntaskólabraut heldur sótti mér iðnmenntun. Ég fór reyndar eitt ár á almenna braut í Menntaskólanum á Ísafirði en ég hafði ætlað mér að fara í grunndeild málmiðna. En bæði mamma og námsráðgjafinn ráðlögðu mér að taka eitt ár í almennu bóknámi og ég lét tilleiðast. En strax árið eftir fór ég í grunndeild málmiðna og þaðan lá leið mín suður í Vélskólann.“

Þórunn eignaðist sitt fyrsta barn í maí 2000 og var strax byrj-

þar til ég fór suður í nám 18 ára gömul. Maður elst því upp við að allir þekki alla og viti hvað þeir athafast hverju sinni. Mér finnst voða notalegt að þekkja andlitin á nánast öllum þegar maður er á gangi um götur bæjarins. Svo ég tali nú ekki um að vera pakkaður inn í fjöllin hérna, flatlendið í Danmörku átti ekki alveg við mig,“ segir Þórunn og bætir hlējandi við. „Ég sagði eitt sinn að ef maður væri búinn að aka einn veg í Danmörku væri maður búinn að sjá þá alla.

En ég vildi sem sagt helst vinna í litlu fyrirtæki og mér finnst mjög þægilegt að vera þar sem ég er í dag. Maður er nánast farinn að þekkja alla nema kannski þessa allra nýjustu.“

Norðmenn eru þó farnir að finna fyrir samdrætti og eru margir uggandi yfir því, ekki síst í starfsgeira Þórunnar.



„Olíuverðið hefur verið að falla og þar af leiðandi eru olíufyrirtækin að draga saman segl sín. Til dæmis hefur verið mikill samdráttur í Bergen og íslenskir félagar okkar þar hafa þurft að færa sig um set yfir til annars fyrirtækis. Blessunarlega fengu þeir báðir aðra vinnu en ekki eru allir svo heppnir. Því er maður oft smá áhyggjufullur þegar maður heyrir af Íslendingum sem ætla sér að flytja til Noregs því þar sé allt svo gott. Ég tel að það vanti nú alltaf í umönnunarstörf og önnur grunnstörf, en ég myndi allavega ekki ráðleggja fólki með verkfræðimenntun að hugsa um Noregsflutning akkúrat eins ástandið er núna í olíugeiranum.“

Kynntist eiginmanninum á vinnufundi hjá Landsvirkjun

Þórunn hefur starfað hjá sama

fyrirtæki og hún hóf störf hjá skömmu eftir flutninginn til Noregs. Gunnar hefur einu sinni skipt um vinnu.

„Maðurinn minn er auk þess að vera verkfræðingur, rafvirkjameistari að mennt. Hann starfaði sem rafvirki hjá Landsvirkjun en við kynntumst einmitt í gegnum starf okkar þar.

Ég hvatti hann til að fara í verkfræðinámið og sannfærði hann um að hann væri ekkert orðinn of gamall fyrir það að fara í frekara nám. Maður er aldrei of gamall til þess að læra og hann er nú bara rétt um níu árum eldri en ég svo það var engin ástæða fyrir hann að láta draum sinn ekki rætast.

Þegar við kynntumst vann ég hjá Landsvirkjun en þar starfaði ég bæði með skóla og eftir að ég lauk námi í Vélaskólanum. Á þessum tímamarki í mínu lífi var

ég engan veginn að leita mér að maka og ætlaði mér bara að vera ein í góðan tíma. En svo mætti ég á vinnufund hjá Landsvirkjun og sá þennan mann. Seinna fóru svo nokkrir á vegum vinnunar í heimsókn til Hrauneyjarvirkjun þar sem hann var að vinna. Upp frá því byrjuðum við að spjalla saman og náðum saman á endanum. Í ljós kom meira að segja að ég var að vinna með systur hans. En þannig var að þessi vinnufundur hjá Landsvirkjun var ansi örlagaríkur,“ segir Þórunn og hlær.

Finnst gaman að skíta út á sér hendurnar

Þórunn segir íslenska heitið yfir námið sem hún og maður hennar fóru í sé Iðnaðarverkfræði en það segi nú lítið um hvað felst í því námi.

„Úti nota þeir sérhæfð nöfn yfir allt saman. Þar kallast þetta nám til dæmis Electro Mechanic System Design eða Mechatronic en þar erum við t.d. að hanna raf- eða olíuvædd stýrikerfi. Við erum hins vegar bæði að vinna við allt annað í dag, hann er meira í rafmagnsverkfræðinni og ég í vélaverkfræðinni. Fyrirtæki mitt þjónustar fyrirtæki sem eiga gas- og olíuleiðslur sem liggja frá borpöllum út í sjó og að landi.

Þegar að það þarf að laga leiðslurnar þarf stundum að loka fyrir þær og tæma. Til þess að ekki þurfi að loka fyrir eða tæma alltof stóra hluta af leiðslunum, sem að oft tengja saman marga olíupalla og eru hundruðir kílómetra að lengd, er fyrirtæki mitt með græju sem að hægt er að senda inn í leiðslurnar til að loka bara þeim hluta sem þarfnast viðgerðar á meðan að hægt er að halda öðrum hlutum lagnanna í fullum rekstri. Með þeim hætti verður viðhaldskostn-

aðurinn mun lægri fyrir eigendur leiðslanna og á því hagnast mitt fyrirtæki. Græjan sem við erum með er send inn í leiðslurnar, kyrrsett á réttum stað til að loka leiðslunum af. Einnig er hægt að hafa samskipti við græjuna í gegnum rörvegginn og við getum því fylgst með hvar það er stöð í leiðslunni. Mitt starf felst meðal annars í því að liggja yfir teikningum af leiðslunum og fullvissa mig um að græjan komist leiðar sinnar í gegnum leiðsluna, eða hvort ummálið sé minna einhvers staðar og hún gæti því staðið föst. Þetta er kannski fullmikil einföldun en það er að mörgu að huga áður en verkið er hafið. Þetta er töluvert sérhæfðara en það sem ég var að læra en það er líka skemmtilegt að geta einbeitt sér að einum þætti starfsins. Í vinnunni minni hef ég líka tækifæri á að fara stundum á verkstaðið og skíta út hendurnar á mér. Það finnst mér ótrúlega skemmtilegt og eiginlega nauðsynlegt af og til. Eins og ég segi oft, og læt manninn roðna og blána af skömm í leiðinni: „I like to screw.“ En slíkur húmor er bara fylgífiskur þess að vinna, bæði í skólanum og í starfi, með meirihluta karlmanna. Maður temur sér ákveðinn talsmáta og ég er enginn eftirbátur kallanna í kjaftinum.“

Alltaf haft áhuga á vélum

–Finnst þér það hafa áhrif á þig að vinna við það sem margir kalla karlastarf?

„Ég hugsa nú ekki mikið um það dags daglega. En ég tala oft ósjálfrátt um sjálfa mig í karlkyni. Ég er að reyna venja mig af því en allt frá því að ég byrjaði í grunndeild málmíðna og þar til ég útskrifaðist úr verkfræðinni hafa konur verið í minnihluta nemenda. Maður er því orðinn vanur að vinna með fleiri körlum en konum. Eins og í sjómanna-skólanum vorum við um tíma tvær til fimm stelpur meðal 300 nemenda. Strákarnir tóku okkur þó mjög vel en það var svolítið erfitt fyrstu dagana þar sem maður vakti mikla athygli hvert sem maður fór bara af því maður var stelpa. Það var til dæmis viss þröskuldur að stíga yfir að fara í matsalinn sem fullur var af strákum og tók mig nokkra daga að þora því. Ég held maður hafi frekar bara sleppt því að borða en að þora því. En þetta vandist og eftir því sem maður eltist því auðveldara varð þetta. Oft var mér hrósað fyrir að hafa þorað að fara út svona „strákafög“ en ég valdi bara það sem var innan míns áhugasviðs. Ég hugsaði nú bara ekkert út í það hvort þetta væri frekar stráka – eða stelpufög. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á vélum og sagði lengi vel við mömmu og pabba að ég ætlaði að verða bifvélavirki

þegar ég yrði stór svo ég gæti gert við bílinn minn. Það var nú reyndar ekkert ástæðan en ég hef alltaf viljað vita hvernig vélar virka. Þegar foreldrar mínir sáu að mér var alvara með að fara út á þetta starfsvið studdu þau mig fullkomlega.“

Veröld Þórunnar hreyfðist hægar en annarra

Þórunn segir að verknám hafi alltaf höfðað mun betur til hennar, allt frá því hún fetaði sín fyrstu spor í barnaskóla.

„Ef ég hefði farið í greiningu á barnsaldri hefði ég án efa verið greind með athyglisbrest eða eitthvað slíkt. Það var bara ekki verið að spá í því á þessum árum. Ég átti aldrei gott með að lesa bækur og bóklegu fögin reyndust mér erfð. Ólíkt mínum bestu vinum var ég mjög áhugasöm um að læra og vildi fá einkunnir. Ég sat við lærdóminn lon og don en allt kom fyrir ekki, ég náði aldrei eins góðum einkunnum og ég vildi í tungumálafögnum og þess háttar. Ég náði þó að halda dampi, með mikilli hörku, út grunnskólann. Hins vegar reyndust raungreinarnar eiga mun betur við mig og það heyrði til undantekninga að ég fengi minna en tíu í stærðfræði. Þá varð ég líka rosalega fúl ef ég gerði klaufavillu í prófi og fékk minna en fullkomna einkunn. En maður fékk alltaf þau skilaboð að maður þyrfti að gera betur í hinum fögunum og mér fannst mjög erfitt að taka því þar sem ég var að reyna eins og ég mögulega gat. En þarna var bara ekki farið að spá að einhver önnur orsök gæti verið fyrir lærdómsvandamálum en bara það að maður þyrfti leggja meira á sig. „Af





hverju geturðu ekki verið meira eins og hinir,“ var setning sem maður heyrði oft í uppveixinum þegar mun betra hefði verið að segja. „Flott að þú sért öðruvísi, ég skal hjálpa þér að finna leið sem hentar þér betur til að læra.“

Sonur minn hefur einmitt verið greindur með athyglisbrest en ég vakti athygli á því áður en að hann fór í fyrsta bekk því ég sá hvað hann líktist mér mikið. Ég vildi ekki að hann myndi upplifa að hann væri ekki að gera nógu vel. Hann fær því bæði lyf og stuðning í skólanum sem ég er afar þakklát fyrir. Ég hefði svo sannarlega þegið slíkan stuðning á mínum bernskuárum en ég man til dæmis hvað ég var alltaf síðust út úr búningssklefanum í leikfimi og sundi. Mín veröld einfaldlega hreyfðist hægar en annarra. Ég hefði þurft á handleiðslu að halda ef ég átti að vera fljót. Ég skildi ekki af hverju verið var að hasta á mig að ég þyrfti nú að halda áfram við að klæða mig þegar ég var einmitt að því. Ég skildi ekki alltaf skilaboðin sem ég fékk og starfsfólk skólans væntanlega ekki skilið mig. Því þarna var enginn skilningur á svona ADHD og athyglisbresti og allt það. Í dag er í lagi að vera öðruvísi og

maður er ekkert verri fyrir vikið þó maður þurfi að fara aðrar leiðir til að læra en meirihluti nemenda. Ég hvet því allar stelpur og stráka sem vilja fara sínar eigin leiðir eða fara í nám sem öðrum finnst skrítíð að hlusta ekki á hvað aðrir segja. Mestu skiptir hvað mann sjálfan langar til að gera og hvernig manni líður með sjálfum sér. Aldrei á að hlusta á að maður geti ekki gert það sem maður vill.

Þegar ég ákvað að fara í vélstjóran var hugsun mín ekki að gera eitthvað öðruvísi heldur gerði ég bara það sem mig langaði á þeim tímapunkti.“

Noregsflutningurinn ekki það sem lagt var upp með

–Er stefnan að koma aftur heim til Íslands eða ertu alfarin til Noregs?

„Það er nefnilega stóra spurningin. Ég hef spurt mig oft sjálf að því.“

Ég átti mjög erfitt með þá ákvörðun að flytja til Noregs á sínum tíma þar sem það var aldrei ætlunin í upphafi. Þegar ég flutti til Danmerkur var það val en við áttum engra annarra kosta vöð þegar við fluttum til Noregs. Við vorum með okkar fimm ára plan og Noregsflutningurinn var ekki

það sem við lögðum upp með. Nú erum við búin að vera tíu ár í burtu og maður hugsar oft hvort maður eigi einhvern tímann aftur afturkvæmt. Það eru viss þægindi við að búa á meginlandinu og geta keyrt til Danmerkur eða Þýskalands ef manni langar til. Það er mun ódýrara að ferðast og í flestum tilfellum er það auðveldara.

Meðan við erum enn úti og gengið hátt eru námslánin viðráðanleg – en ef við flytjum heim yrðu þau svo stór að maður sæi aldrei fyrir endann á þeim.

Eins er veðrið mun mildara en ég minnst úr æsku minni. Kærar minningar af manni að berjast í gegnum storminn til vina sinna og þurfa að halda sér í ljósastaura í verstu hviðunum, fjölskyldan að kúra saman í einu herbergi í rafmagnsleysi. Þetta hef ég ekki upplifað síðan ég flutti út og botnaði ekki í neinu þegar ég sá fyrsta „snjóstorminn“ eftir að ég fluttist til Danmerkur. Það er sko kallaður snjóstormur ef snjókorinn falla ekki alveg beint niður. Eitthvað sem við heima á Íslandi myndum nú bara kalla fjúk,“ segir Þórunn. „En ég veit ekki hvort maður hefði þol fyrir svona ofsaverður lengur, maður er orðinn svo góðu vanur.“

Ég er mikil fjölskyldumanneskja og það hefur verið erfitt að vera svona lengi fjarri henni. En á sama tíma þá er það einhvern veginn þannig að því lengur sem maður er í burtu því rötgrónari er maður á þeim stað sem maður býr. Við erum orðin vön svo mörgum þægindum, eins og til dæmis bara það að geta farið í skemmti- og dýragarða þegar manni dettur í hug. Og að geta brugðið sér til annarra landa án þess að það kosti of mikla peninga og fyrirhöfn og margt fleira sem fylgir því að búa á meginlandinu. Börnin þekkja líka ekki annað nú, sú elsta að verða fimmtán ára og talar norsku eins og innfæddur. Þau yngri að



Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 20. ágúst 2015 að auglýsa samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir Tröllenda í Flatey.

Á athafnasvæði við ferjuhöfn í Flatey er komið fyrir fjórum byggingarlóðum. Skilgreind er lóð fyrir gamlan geymsluskúr sem stendur vestan við fiskvinnsluhús, vatnstank, olíutank, fjarskiptamastur og lóð undir nýbyggingu norðaustast á svæðinu.

Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag fyrir olíubirgðarstöð og rafstöðvarhús í Flatey sem samþykkt var 20.10.2000.

Skipulagsuppdráttur með greinargerð liggur frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá 1. október til 13. nóvember 2015. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.reykholar.is. Athugasemdom skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps að Maríutröð 5a eða á netfangið skrifstofa@reykholar.is fyrir 13. nóvember 2015 merkt „Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey“.

Reykhólar 24. september 2015

Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulags- og byggingafulltrúi

sjálfsögðu líka þar sem þau muna ekkert annað en að búa úti. En ég vona að við eigum einhvern tímann eftir að koma heim. Mér finnst ég alltaf vera heima er ég kem hingað vestur og reyni

að koma eins oft og ég get. En hver veit hvað verður. Ef það er eitthvað sem ég hef lært þá er það að maður getur aldrei vitað sína framtíðin fyrr en hún er orðin.“

–Thelma Hjaltadóttir

Í KJÖLFAR BRÍETAR

JAFNRÉTTISRÁÐSTEFNA Á ÍSAFIRÐI 23. - 24. OKTÓBER



Guðlaug María Júlíusdóttir

Staða

Ég er klínískur félagsráðgjafi sem þýðir að ég hef sérhæft mig í greiningu og meðferð á börnum með geðrænan vanda og fjölskyldum þeirra ásamt því að hafa mikla reynslu af þverfaglegri teymisvinnu og samvinnu margra stofnana. Í dag, eftir að fjölskyldan flutti til Ísafjarðar er ég eigin húsbóndi hjá Fjölskyldumiðstöðinni á Ísafirði, sem er stofan mín. Í því starfi hitti ég þá sem þurfa

aðstoð við að líða betur og/eða gengur ekki nógu vel að fóta sig í átt að réttri stefnu í lífinu.

Hvati

Ég held að það hafi alltaf verið ríkt í mér að vilja gera gagn, að reyna að gera gott, styðja fólk í gegn um erfiðleika og vera til staðar þegar eitthvað bjátar á. Í félagsráðgjöfinni er talað um „hjálpargenið“, þessi eiginleiki hjá manni að vilja hjálpa. Ég trúi því að ég hafi það og í raun vonlaust fyrir mann að berjast

gegn því. Helsta umbunin í mínu starfi felst í að fylgja barni/ fjölskyldu eftir í gegn um ýmiss konar erfiðleika og sjá greiðast úr vandanum, að barnið upplifi bjarta daga inn á milli og fjölskyldan einnig. Það þarf ekki að vera að barnið sé „læknað“ í bókstaflegum skilningi þess orðs heldur frekar að það upplifi að lífið sé þess virði að lifa því og að foreldrarinn upplifi að þau geti verið foreldrar viðkomandi barns. Að saman geti þau klárað sig og átt þokkalegt líf saman. Það eru gullmolarnir sem við, sem vinnum við þetta, nærast á.

Fyrirmynd

Ég hef blessunarlega verið umkringd frábærum konum alla

tíð. Móðuramma mín og mamma voru báðar miklar fyrirmyndir mínar og er þeirra sárt saknað. Ég á tvær frábærar systur, ég á frábæran æskuvinkonuhóp og menntaskólavinkonuhóp. Ég er hluti af dásamlegum þverfaglegum vinnu-vinkvennahópi þar sem helstu kvenkyns sérfræðingar í barnageðlækningum koma saman og hafa gaman. Allar þessar konur eru mínar fyrirmyndir. Þær eru sterkar, sjálfstæðar, skapandi, skemmtilegar, gáfaðar og hrikalega fyndnar! Ég horfi til þeirra allra þegar ég máta á mig „kvennagleraugin“ því í mínum huga eru þær allar flottar, hver á sinn hátt og langar mig að nota þetta tækifæri og þakka þeim öllum

fyrir það og vona um leið að ég nái að skila þessum eiginleikum áfram til dóttur minnar.

Æskudraumur

Mig langaði alltaf til að vera hárgreiðslukona og flugfreyja... en, ég held að ég hafi á endanum lent á réttri hillu fyrir mig.

Ég er að koma stofunni minni í gang, sem tekur tíma og því er ég um leið að æfa eiginleikana þolinmæði, æðruleysi og innri ró, sem er mér mikil áskorun, eins og þeir sem þekkja mig vita. Í grunninn er ég alger eldhugi og þarf að vera á fullu til að halda eldinum gangandi en, það er gott að æfa sig í að hægja á sér, því það forðar manni frá því að fuðra upp.

gudlaugfjol

Jon & Gunna verslun

Gæti þig vantað
góðar gallabuxur,
smart skyrtu
og vetrarskó?
Kíktu þá til okkar
í Jón og Gunnu
verslun



Árlegi útsölumarkaðurinn okkar er nú staðsettur í Bugsý
barnafataverslun (við hliðina á Gamla Bakaríinu),
Opið á útsölumarkaðnum 14-18 alla virka daga.

Jón og Gunna verslun, 26 ár í heimabyggð

Jón og Gunna verslun

Austurvegur 2

400 Ísafjörður

Sími: 456 3464

jonoggunnaverslun@simnet.is

Við erum á líka á [facebook](#)



HEIMSÓKNA- VINIR

Rauða krossins

Gagnkvæm virðing Gagnkvæmt traust

Sjálfboðaliðar Rauða krossins heimsækja
um 900 manns í viku hverri og draga með
þeim hætti úr félagslegri einangrun.

Ef þú hefur áhuga á að þiggja heimsókn
eða gerast heimsóknavinur getur þú
sett þig í samband við Rauða kross deildina
í þinni heimabyggð.





Sportið í beinni...

fimmtudagur 1. október

12:00 Golf - European Tour
16:55 Basel - Lech Poznan
(OPIN DAGSKRÁ)
16:55 Móankó - Tottenham
19:00 PAOK - Borussia Dortmund
19:00 Liverpool - Sion

föstudagur 2. október

12:00 Golf - European Tour
18:40 Rotherdam - Burnley
laugardagur 3. október
11:35 Crystal Palace - WBA
12:00 Golf - European Tour
13:00 Pepsi deildin

13:50 Man City - Newcastle
13:50 AFC Bournemouth - Watford
13:50 Norwich City - Leicester City
13:50 Sunderland - West Ham
13:50 Aston Villa - Stoke City
13:55 Sevilla - Barcelona
15:25 Kiel - Flensburg
16:20 Chelsea - Southampton
17:55 Zagreb - Veszprem
18:40 Chievo Verona - Hellas Verona
20:00 Pepsi-mörkin

01:30 Box: Matthysse vs. Postol

sunnudagur 4. október

11:30 Golf - European Tour
12:20 Everton - Liverpool
14:50 Arsenal - Manchester United
14:50 Swansea City - Tottenham Hotspur
14:55 Pick Szeged - Barcelona
15:55 Juventus - Bologna
18:25 Atlético Madrid - Real Madrid
18:40 AC Milan - Napoli
18:40 Fiorentina - Atalanta
20:00 San Francisco 49ers - Green Bay Packers
20:00 NFL leikur

mánudagur 5. október

21:00 Messian
miðvikudagur 7. október
01:00 Golf - PGA Tour

Dagar Íslands

1. október 1874:

Kvennaskólinn í Reykjavík tók til starfa. Þóra Melsteð var fyrsti skólastjórinn.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Suðvestan 5-13 m/s og skúrir eða rigning með köflum, en þurrt og bjart veður A-til. Hiti 4 til 10 stig, mildast austast, en líkur á næturfrostri.

Á laugardag:

Suðlæg eða breytileg átt og rigning S- og A-til, en skúrir NV-lands. Vaxandi suðaustlæg átt seinni partinn. Hiti 3 til 8 stig, en sums staðar næturfrostri.

Á sunnudag:

Ákveðin austlæg átt og væta S- og V-lands, annars úrkomulífið. Hiti 4 til 10 stig.

Krossgátan

		ÆTÍÐ	ÁBÓT	GINNA		KLÍÐUR	HLJÓTA ÁVERKA	TRAUST
	BLÁKVARS							
	MÓÐURLÍF				HAF MÁNUÐUR			
	MÝKJA					ÓREIÐA STINGA		
	ÞREP							NAFNBÓT
	↓	DROTTINN	TÍMABÍL	SAMTÖK FARFA		TÓFT HRUKKA		
EGÓ						ÞÉTTIEFNI HYGGINDI		
HRÝSSA					ÓSKAR GLOPPA			HEIM- SKAUT
SPIL			LÍMBAND HJÖRD			SPENDÝR INNYFLI		
SNÍKJU- DÝR				ÚTVORTIS SÍLL			FÆDDI TEMUR	
BEIN					MEGIN ERFÐAVÍSA			HINDRA
		ÓSKIPULAG BLÆR				FUGL GLÆSIBÍLL		
KOMUST					AKUR ÁN			FREKJA
HVORT			RÖÐ SÆGUR				DÁ LÆRIR	
ER				STERTUR Í RÖÐ			FRÚ TVÖ ÞÚSUND	
KRASSA						FARSÍMA		
EFTIRSJÁ						STEFNA		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu



				BERG- TEGUND	FRAMRÁS	LAND Í ASÍU		Í RÖÐ	STAUR	HALD	
				BUNGAST	G	Ú	L	P	A	S	T
				SÓÐA	A	T	A	SVIF ÁLOXIÐ	Á	T	A
				GLEÐI- MERKI	B	R	O	S	Í RÖÐ GNISTA	J	K
				HLJÓÐ- FÆRI	B	Á	S	Ú	N	A	ÚT
				Í RÖÐ ELDSNEYTI	R	S	LAND SKOKK	R	Í	K	I
DANS	T	A	N	G	Ó	HÆLSIN ERBJA	H	Á	S	I	N
RJÚFA	O	P	N	A	ÓSKIPT MERÐ	A	L	L	T	AD LOKUM	N
FYRIR HÖND	P	R	HEIDUR LUMMÓ	S	Ó	M	A	FÖSTRA LEIKUR	A	L	A
BLAÐUR	P	Í	P	MULDUR STUND	T	A	U	T	ÖFUG RÖÐ LAUN	O	N
SLOTA	S	L	Ú	T	A	HYSKI HÁ	P	A	K	K	SKJÁLFA
	K	SÍKI HINDRUN	K	Í	L	BUNÐIÐ SJÓNGLER	F	A	S	T	
FRUMEIND	A	T	Ó	M	ÓSKIPTU TÖNN	Ö	L	L	U	ÁKEFÐ	I
SLÁ	R	Á	SPYR TÍMABÍLS	I	N	N	I	OT EYRIR	P	O	T
HALLI	F	L	Á	HRÆÐA HRÖP	Ó	G	N	A	FRÚ ÆTÍÐ	F	R
RASK	U	M	R	Ó	T	HASTA	S	U	S	S	A
SKORA	R	I	S	P	A	EIN- SÖNGUR	A	R	Í	A	

Sudoku þrautir

		2	5		6			9
4	9	7					5	1
	5			9		3		8
	1	3			2	9		
9		4		5		2	6	3
			7			8		4
	3	5		8	1	4		
2			9			1	3	7
	6				4		8	2

			8		3			1
5		3					7	
		2						
					5			
		5		3	6		8	
7	1							2
2			7	6				
						6	2	
	5	1	4	2		3	9	



Andrea mun án efa láta til sín taka í framtíðinni.

Andrea efnilegust

Önfríðingurinn Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir, knattspyrnukona úr Íslandsmeistaraliði Breiðabliks var valin efnilegasti leikmaður Pepsideildar á lokahófi deildarinnar sem fór fram í síðustu viku. Andrea á ættir að rekja til Flateyrar en móðir hennar, Þóra Björg Guðjónsdóttir, er uppalin þar.

Andrea Rán er 19 ára er miðjumaður í liði Íslandsmeistaranna. Hún spilaði sinn fyrsta leik með meistaraflokki Breiðabliks árið 2011 í Pepsideildinni og hefur vaxið mikið sem fótboltaleikmaður undanfarin ár og á síðasta keppnitímabili lék Andrea Rán alla leiki liðsins.

Leikmaðurinn knái segir valið vera mikla viðurkenningu eftir erfiði sumarsins. „Það eru margar efnilegar stúlkur í deildinni. Þess vegna komu margar til greina, og þetta er mikill heiður.“

Aðspurð um eftirminnilegustu stund sumarsins segir hún að stundin sem þeim varð ljóst að þær hefðu unnið deildina vera ógleymanlega „öll heimferðin frá Akureyri var líka frábær. Tilfinningin var ógleymanleg“.

Andrea Rán sem hefur gengið í gegnum afar sigursælt sumar með liði sínu og það verður spennandi að fylgjast með þessari efnilegu fótboldakonu. Auk þess hefur hún átt glæstan feril með Landsliði Íslands í fótbolta, en hún á að baki 18 landsleiki með U17 landsliðinu og 22 landsleiki með U19 landsliði Íslands. Þá hefur hún skorað 2 mörk í landsleikjum. Hún er vel að titlinum

kominn og hefur nafn hennar borið borð við Ástu Gunnlaugsdóttur á góma með vísan í kempur á og Margréti Láru Viðarsdóttir.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði

www.verkvest.is

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Húsnæðislán

Hvort vel ég verðtryggt eða óverðtryggt lán í dag?

Íslandsbanki Ísafirði heldur opinn fræðslufund fimmtudaginn
1. október kl. 17.30 – 18.30 á 4. hæð Stjórnsýsluhússins.

Við bjóðum til fræðslufundar þar sem leitast verður við að svara
eftirfarandi spurningum, sem og öðrum þeim er brenna á fólki
um húsnæðismarkaðinn.

- Hvaða áhrif hafa hækkandi stýrivextir á lánið mitt?
- Er skynsamlegt að endurfjármagna núna?
- Get ég endurfjármagnað að hluta eða að öllu leyti?
- Hvort er betra að hafa fasta eða breytilega vexti?

Fundurinn er ókeypis og öllum opinn.
Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Hlökkum til að sjá þig,
starfsfólk Íslandsbanka Ísafirði

Dagskrá:

Hvaða áhrif hafa hækkandi stýrivextir?

Haukur Skúlason,
sérfræðingur hjá Íslandssjóðum

**Hvað stendur til boða í dag varðandi
húsnæðislán?**

Helgi Björn Kristinsson,
verkefnastjóri hjá Íslandsbanka